

og helgaðu frelsinu starf þitt og syngdu þess mál.
 Drekk vorinu, ljósinu, lífinu fagnaðar skál!
 —Hver fjörgandi hreyting
 er fár-vanans deyfing;
 hún fúann upp rífur úr arfleiddum heimskunnar kaunum.
 Og frelsisins myndir,
 þótt feðranna syndir,
 oft fjör þeirra vængstýfi, bitrum með æskunnar raunum;
 þær þroskast og stækka,
 þær þreknast og hækka,
 unz þorið og vitið og kraftinn þær hljóta að launum. —
 Þær spretta' upp sem lifandi lindir í eldbrendum hraunum.

Burt kúgenda fjöld,
 burt kvalara öld;
 hætt kveinstöfum, veslingur! heimtaðu rétt þinn og völd!—
 Burt þrælsóttans trú,
 burt þjóðvanans trú,
 burt þýlynda skálkahjálp — Krists-lausa biblíu trú—
 þú ert aðeins villa og vélráð; — þú ert engin trú!—
 Brjót helvítis helsið,
 reis himinsins frelsið
 á heilögum sannleikans grundvelli:— kærleikans anda.
 Breyt kongshöll í skóla,
 gjör kyrkju að skóla,
 sem kenni oss æðstu lífs-spekina:— breytnina' að vanda—
 að *eg* sé *þér* hjálpin
 og *þú* sért *mér* hjálpin —
 er það ekki Jesú Krists lögmál, sem *ætti* að standa?
 —Hvort skiljið þér lífið— *þér!* skrumarar siðaðra(?) landa?

Þorsteinn Þorsteinsson.

